

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Skipulagsfulltrúi
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík 30. maí 2018
UST201804-218/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Reykholt í Þjórsárdal - tillaga

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Skipulagsreita A og B við Reykholt í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Almennt

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir sem fjallað er um undir yfirskriftinni almennt, og telur þær til fyrirmyndar, ekki sist áætlanir um að framkvæmdir verði vistvottaðar og reksturinn einnig.

Skipulagssvæðin

Í greinargerð kemur fram að Skipulagsreitur A sem nær yfir hótél- og baðsvæði er 24 ha að stærð, er staðsettur upp við Reykholt. Einnig kemur fram að þar er í dag sundlaug og tengd mannvirki sem eru í slæmu ástandi og víkja fyrir nýjum mannvirkjum. Þar er áætlað að reisa baðaðstöðu og hótél allt að 5000 m².

Einnig kemur fram að Skipulagsreitur B sem er við gatnamót Þjórsárdalsvegur og aðkomuvegar að Reykholti, er 2 ha og þar verður aðstaða fyrir móttöku gesta og þjónustubygging alls 300 m².

Baðlón

Í umfjöllun um baðlón er fjallað um fyrirhugaðan baðstað og að hann muni falla undir skilgreininguna afþreyingarlaug skv. reglugerð nr. 460/2015. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram úr hvað efni botn og hliðar laugar er áætlaður.

Mannvirki

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um mannvirki, hvernig þau skulu felld að landi, meðferð lýsingar o.fl.


Fráveita


Í greinargerð kemur fram að vel hefur verið hugsað fyrir fráveitu. Áætlað er að frárennsli frá salerni og eldhúsi verði leitt í líffræðilega skólphreinsistöð. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvað gert verður við seyru frá hreinsistöðinni. Ef losa þarf seyru þá þarf að gera það á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru. Stofnunin minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun tekur undir það að tekið verður tillit til svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá sem er 400 metra frá framkvæmdasvæði A. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að allir er koma að framkvæmdum á svæðinu verði upplýstir um það að gervigígar njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og þeim verði ekki raskað ef þess er nokkur kostur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu með umhverfisskýrslu og gerir að öðru leyti ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur